

# Skákdrottning vesturstrandarinnar



**Skák**  
Helgi Ólafsson  
heloi@simnet.is

Foreldrar hennar voru að hennar sögn fjarlægir í fleiri en einum skilningi og létu barnfóstru um uppeldið og sú var – ef marka má ævisöguna *Jump in the waves* – ekki ólík foreldrunum, bæði köld og fráhrindandi. Hún lærði kornung að tefla á sjúkrahæði af hjúkrunarkonu. Kvaðst hafa fundið sjálfstæði sitt með hjálp skákarinnar. Jacqueline Piatigorsky Rothschild var borin til mikilla auðæfa þegar hún fyrst sá ljós heimsins í nóvember árið 1911 og var 100 ára gömul þegar hún lést í júlí 2012. Hún var nýlega tekin inn í „Frægðarhöll skákarinnar“ í Saint Louis í Bandaríkjunum.

Hún hafði getið sér gott orð sem einn fremsti tennisleikari kvenna í Bandaríkjunum en þegar keppnisferli þar lauk tók skákin við. Hún gerðist þátttakandi í bréfskáknotum og var stundum í öngum sínum þegar flóknar stöður hrönnuðust upp hjá henni. Hún vann til bronsverðlauna þegar hún tefldi á 2. borði fyrir Bandaríkin á Ólympíumóti kvenna árið 1957 og varð ásamt eiginmanni sínum, sellóleikaranum Gregory Piatigorsky, öflugur stuðningsaðili skákarinnar og saman unnu þau að framsæknum hugmyndum í skóla-skák. Auðlegð fylgir samfélagsleg ábyrgð, voru kjörorð hennar. Hún lét til sín taka á sviði lista og menn-




**Sögulegt mót Skákdrottningin Piatigorsky fylgdist með Spasskí og Fischer að tafla á skákmóti, sem kennt var við hana, 1966.**

ingar og var sjálf frambærilegur höggmyndari. Á sjöunda áratugnum skipulögðu þau hjónin og kostuðu frábæra skákviðburði á vesturströnd Bandaríkja. Einvígi Bobby Fischer og Samuel Reshevsky leystist að visu upp hálfklárað vegna deilna um dagskrá þess, en síðan tók Piatigorsky-mótið 1963 við en þar var Friðrik Ólafsson meðal þátttakenda og varð í 3.-4. sæti. Hið goðsagnakennda Piatigorsky-mót 1966 hófst í ágúst það ár. Boris Spasskí sigraði eftir magnaða baráttu um efsta sætið við Bobby Fischer. Jacqueline skrifaði um Fischer í mótisbókina og kvittaði í leiðinni fyrir þrefið varðandi slit einvígisins við Reshevsky: „Bobby Fischer er eldfjall sem skákin ein getur fengið til að bylta sér. Án skákarinnar slokknar á þessu eldfjalli fyrir fullt og fast. Það er eitt-hvað djúpt í sálu hans sem kvelur hann – en hvað það er gefur hann ekki upp.“

Það var einmitt á fyrra Piatigorsky-móti sem Friðrik Ólafsson tefldi eina af bestu skákum sínum á ferlinum. Hann var langt fram eftir móti í góðum færum að vinna það en örlagaríkt tap úr vinningsstöðu fyrir Paul Keres á lokasprettinum kom í veg fyrir sigurinn:

**Los Angeles 1963:**  
**Friðrik Ólafsson – Samuel Reshevsky**


**Kóngsindversk vörn**  
1. d4 Rf6 2. c4 g6 3. g3 Bg7 4. Bg2 0-0 5. Rf3 d6 6. 0-0 Rbd7 7. Dc2 e5 8. Hd1 He8 9. e4 c6 10. Rc3 exd4 11. Rxd4 a5 12. h3 De7 13. Bf4 Hd8 14. Hd2 Rc5 15. Had1 Re8 16. Be3 Bd7 17. He2 Rc7 18. f4 Hac8 19. Bf2 Be8 20. Kh2 Df8 21. Dd2 R7a6 22. Rf3 f5 23. Bd4 fxe4 24. Bxg7 Dxc7 25. Rxe4 Rxe4 26. Hxe4 d5 27. Hd4 Rb4 28. Rg5 Bf7 29. Rxf7 Dxf7 30. a3 c5 31. Hxd5 Rxd5 32. Bxd5 Hxd5 33. cxd5 He8 34. d6 Dd7 35. g4 b6 36. Dd5 Kg7 37. Hd2 He6



**38. Dxe6!**  
– og Reshevsky gafst upp. Eftir 38. ... Dxe6 39. d7 verður þetta það að drottningu.

# Blaðaskrif dómara

Eftir Axel Kristjánsson



Axel Kristjánsson

Góður kollega, margfalt reyndari en ég og fyrrverandi dómari við Hæstarétt, skrifar grein í Morgunblaðið 19. júní. Í þessari grein setur hann fram nokkrar spurningar til dómara í Hæstarétti um vinnubrögð við uppkvaðningu úrskurðar og leitar skýringa á því, hvers vegna hafi verið úrskurðað svona en ekki á einhvern annan hátt (að mér skilst). Þá skilst mér, að lögmaðurinn telji sig og fólk, sem hann kallar almenning, eiga rétt á svörum við þessum spurningum í fjölmiðlum. Sjálfsgat fellur þetta í góðan jarðveg hjá þeim, sem lögmaðurinn höfðar til með þessum skrifum, og sennilega eru ýmsir, sem hlakka til að sjá starfandi dómara og fyrrverandi fara að kasta skít hvor í annan í fjölmiðlum. Ekki hlakka ég til. Hins vegar þykir mér ómurlagt, að þrautreyndur lögmaður og dómari skuli bera það á borð fyrir lesendur fjölmiðla, að

starfandi dómara geti varið hendur sínar og útskýrt vinnubrögð sín með blaðaskrifum. Lögmaðurinn veit, að slíkt þjónar þeim tilgangi einum að skemmta skrattanum og rýra álit þess almennings, sem hann segist bera fyrir brjósti, til dómara landsins. Lögmaðurinn veit, að enginn endir getur orðið á slíkum blaðaskrif-

» ... dómara geta ekki og eiga ekki að bera hönd fyrir höfuð sér, þegar vegið er að þeim ...

um. Lögmaðurinn veit, að dómara geta ekki og eiga ekki að bera hönd fyrir höfuð sér, þegar vegið er að þeim á svo ósmekklegan hátt. Lögmaðurinn veit, að dómara eiga að vera friðhelgir í sínum störfum.

Höfundur er lögmaður.

## Móttaka aðsendra greina

Morgunblaðið er vettvangur lifandi umræðu í landinu og birtir aðsendar greinar alla útgáfudaga.

Þeir sem vilja senda Morgunblaðinu greinar eru vinsamlega beðnir að nota innsendikerfi blaðsins. Kerfið er auðvelt í notkun og tryggir öryggi í samskiptum milli starfsfólks Morgunblaðsins og höfunda. Morgunblaðið birtir ekki greinar sem einnig eru sendar á aðra miðla.

### Að senda grein

Kerfið er aðgengilegt undir Morgunblaðslóginu efst í hægra horni forsiðu [mbl.is](http://mbl.is). Þegar smelt er á lógoði birtist felligluggi þar sem liðurinn „Senda inn grein“ er valinn.

**EIGNAMIDLUN**  
588 9090 · [www.eignamidlun.is](http://www.eignamidlun.is) · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík

Frá 1957  
Sala fasteigna í  
Elsta starfandi fasteignasala landsins

**57** ár

**Framúrskarandi**  
fyrirtæki 2013

## TÆKIFÆRI Á GRANDANUM

Fiskislóð 33, 35 og 37

- Lóðir fyrir atvinnuhúsnæði framtíðarinnar



## Einstök staðsetning og sjávarútsýni

- Mögulega hægt að sameina lóðir og auka byggingarmagn.
- Lóðir alls 12.000 fm undir atvinnuhúsnæði. Skráð sem þrjár lóðir, möguleiki að selja sem eina heild eða hverja fyrir sig.
- Búið að greiða gatnagerðargjöld miðað við 6.200 fm fasteignir.
- Miklir möguleika á svæði sem er í mikilli sókn í Reykjavík.

Nánari upplýsingar gefur Guðlaugur 864 5464 og Kjartan 824 9093



Kjartan Hallgeirsson, lógg, fasteignasali



Guðlaugur I. Guðlaugsson, sólumaður

